# Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

**1. janúar - 30. júní 2017**

Vátryggingafélag Íslands hf.
Ármúla 3
108 Reykjavík
Kt. 690689-2009

# Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

## 1. janúar - 30. júní 2017

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 2 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 3 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Eiginfjáryfirlit | 6 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 7 |
| Skýringar | 8-13 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. („félagið“ eða "VÍS") fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf., sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar".

**Rekstur**

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á tímabilinu 1.107 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 49.007 milljónum króna og bókfært eigið fé nam í lok tímabilsins 16.455 milljónum króna.

Í byrjun árs tilkynnti stjórn félagsins um kaup á tæplega 21,8% hlut í Kviku banka hf. og var kaupverð hlutanna um 1.655 milljónir króna. Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins á hæfi VÍS til að fara með virkan eignarhlut í Kviku. Í byrjun mars samþykkti Fjármálaeftirlitið kaupin. Í apríl keypti svo félagið 3,06% hlut og átti í lok júní 24,9% hlut. Í árshlutareikninginn er færð hlutdeild í hagnaði Kviku að fjárhæð 175 milljónir króna.

Þann 12. mars s.l. var tilkynnt um að náðst hefði samkomulag um niðurfellingu dómsmáls vegna ábyrgðartryggingar stjórnar og stjórnenda Lífsverks. Samkomulagsbætur að fjárhæð 835 milljónir króna voru greiddar til að ljúka málinu. Vegna endurtrygginga nam hlutur VÍS 15% af heildarsamningsbótum eða um 125 milljónir króna sem var innan þess kostnaðar sem færður hafði verið í tjónaskuld félagsins.

Á aðalfundi félagsins þann 15. mars s.l. var ákveðið að greiða arð að fjárhæð 1.023 milljónir króna. Greiðsludagur var 6. apríl s.l.

Í lok tímabilsins voru hluthafar félagsins 746 talsins en þeir voru 806 í byrjun árs.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2017 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. júní 2017. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. ágúst 2017

**Í stjórn**

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir
stjórnarformaður

Helga Hlín Hákonardóttir
varaformaður

Gestur Breiðfjörð Gestsson

Andri Gunnarsson

Sandra Hlíf Ocares

**Forstjóri**

Helgi Bjarnason

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf.**

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og forstjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

**Ályktun**

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 *Árshlutareikningar*.

Reykjavík, 24. ágúst 2017

***KPMG ehf.***

Sigríður Soffía Sigurðardóttir

Sæmundur Valdimarsson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2017

| | Skýr. | 2F 2017 | 2F 2016 | 6M 2017 | 6M 2016 |
|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | | 5.140.689 | 4.460.170 | 9.960.309 | 8.767.182 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | | (171.495) | (159.830) | (343.600) | (324.631) |
| **Eigin iðgjöld** | 6 | 4.969.194 | 4.300.340 | 9.616.709 | 8.442.551 |
| | | | | | |
| Vaxtatekjur | | 162.926 | 171.985 | 305.290 | 321.047 |
| Gengismunur gjaldmiðla | | (172.926) | (112.318) | (170.856) | (284.280) |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | | 348.893 | 140.620 | 842.561 | 598.996 |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélags | | 136.545 | 0 | 175.346 | 0 |
| **Fjárfestingatekjur** | 7 | 475.438 | 200.288 | 1.152.340 | 635.763 |
| | | | | | |
| Aðrar tekjur | | 37.612 | 43.740 | 81.801 | 83.570 |
| **Heildartekjur** | | 5.482.244 | 4.544.367 | 10.850.849 | 9.161.884 |
| | | | | | |
| Tjón tímabilsins | | (3.105.033) | (3.957.321) | (6.617.665) | (7.370.603) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum | | 41.375 | 408.796 | (463.123) | 437.492 |
| **Eigin tjón** | 8 | (3.063.658) | (3.548.525) | (7.080.788) | (6.933.111) |
| | | | | | |
| Breyting á áhættuálagi | | (7.769) | (1.717) | (15.485) | (4.794) |
| Rekstrarkostnaður | | (1.247.812) | (1.101.971) | (2.369.614) | (2.190.999) |
| Vaxtagjöld | | (54.632) | (58.252) | (94.927) | (85.239) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | | (10.593) | 7.412 | (17.424) | (2.204) |
| **Heildargjöld** | | (4.384.463) | (4.703.053) | (9.578.237) | (9.216.346) |
| | | | | | |
| **Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt** | | 1.097.781 | (158.686) | 1.272.613 | (54.462) |
| Tekjuskattur | 9 | (180.925) | 251.438 | (165.207) | 292.315 |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 916.856 | 92.753 | 1.107.406 | 237.853 |
| | | | | | |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Hagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | 0,41 | 0,03 | 0,50 | 0,10 |

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Efnahagsreikningur 30. júní 2017

| | Skýr | 30.6.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 208.185 | 184.406 |
| Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir | | 769.299 | 809.972 |
| Skatteign | | 490.293 | 618.535 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 10 | 2.054.421 | 0 |
| Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur | 10 | 25.985.155 | 28.669.835 |
| Fjáreignir haldið til gjalddaga | 10 | 4.335.416 | 4.357.527 |
| Skuldabréf og aðrar langtímakröfur | 10 | 1.400.820 | 41.461 |
| Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | | 1.249.734 | 1.232.526 |
| Viðskiptakröfur | | 8.496.745 | 5.706.473 |
| Endurtryggingaeignir | | 831.674 | 1.897.983 |
| Aðrar kröfur | | 2.240.584 | 1.740.968 |
| Handbært fé | | 944.877 | 1.063.335 |
| **Eignir samtals** | | 49.007.203 | 46.323.020 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 2.223.498 | 2.223.498 |
| Lögbundinn varasjóður | | 625.620 | 625.620 |
| Óinnleystar gangvirðisbreytingar verðbréfa | | 525.295 | 1.093.461 |
| Óinnleystur hagnaður hlutdeildarfélaga | | 175.346 | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | | 12.905.580 | 12.428.163 |
| Eigið fé samtals | | 16.455.338 | 16.370.742 |
| **Skuldir** | | | |
| Víkjandi skuldabréf | 12 | 2.601.079 | 2.573.693 |
| Vátryggingaskuld | 13 | 27.184.990 | 24.936.072 |
| Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka | | 1.249.734 | 1.232.526 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir | | 1.516.062 | 1.209.987 |
| Skuldir samtals | | 32.551.865 | 29.952.279 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 49.007.203 | 46.323.020 |

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 30. júní 2017

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óinnleystar gangvirðisbreytingar verðbréfa | Óinnleystur hagnaður hlutdeildarfélaga | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **2016** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2016 | 2.296.437 | 625.620 | 0 | 0 | 14.629.992 | 17.552.048 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 237.853 | 237.853 |
| Keyptir eigin hlutir | (50.023) | | | | (346.152) | (396.175) |
| Úthlutaður arður 0,90 kr. á hlut | | | | | (2.066.793) | (2.066.793) |
| Eigið fé 30.6.2016 | 2.246.413 | 625.620 | 0 | 0 | 12.454.899 | 15.326.932 |
| **2017** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2017 | 2.223.498 | 625.620 | 1.093.461 | 0 | 12.428.163 | 16.370.742 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 1.107.406 | 1.107.406 |
| Óinnleystar gangvirðisbreytingar verðbréfa | | | (568.166) | | 568.166 | 0 |
| Óinnleystur hagnaður hlutdeildarfélaga | | | | 175.346 | (175.346) | 0 |
| Úthlutaður arður 0,46 kr. á hlut | | | | | (1.022.809) | (1.022.809) |
| Eigið fé 30.6.2017 | 2.223.498 | 625.620 | 525.295 | 175.346 | 12.905.580 | 16.455.338 |

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2017

| | Skýr. | 6M 2017 | 6M 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | 1.107.406 | 237.853 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé: | | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | (39.506) | 48.472 |
| Gangvirðisbreyting fjáreigna | | (842.561) | (598.996) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | | (175.346) | 0 |
| Afskriftir | | 80.148 | 64.199 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skatteign, lækkun (hækkun) | | 128.242 | (328.742) |
| Fjáreignir, lækkun (hækkun) | | 3.199.901 | (1.269.625) |
| Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, (hækkun) lækkun | | (1.359.360) | 3.980 |
| Viðskiptakröfur, (hækkun) | | (2.790.272) | (2.051.068) |
| Endurtryggingaeignir, lækkun (hækkun) | | 1.066.309 | (563.385) |
| Aðrar eignir, lækkun | | 28.350 | 129.133 |
| Vátryggingaskuld, hækkun | | 2.248.918 | 3.477.156 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, hækkun | | 306.075 | 48.160 |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 2.958.303 | (802.864) |
| Innborgaðar fjármunatekjur | | 505.970 | 396.927 |
| Greidd fjármagnsgjöld | | (67.541) | (31.070) |
| Greiddur tekjuskattur | | (527.966) | (129.853) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | 2.868.766 | (566.860) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | (63.254) | (40.528) |
| Keypt hlutdeildarfélög | | (1.879.075) | 0 |
| | | (1.942.329) | (40.528) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Keyptir eigin hlutir | | 0 | (396.175) |
| Greiddur arður | | (1.022.809) | (2.066.793) |
| Tekið víkjandi lán | | 0 | 2.500.000 |
| | | (1.022.809) | 37.032 |
| Lækkun handbærs fjár | | (96.372) | (570.356) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 1.063.335 | 1.428.183 |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | | (22.087) | (17.850) |
| Handbært fé í lok tímabilsins | | 944.877 | 839.977 |

Skýringar á blaðsíðum 8-13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, samstæðan eða VÍS, er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík.

Árshlutareikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífís). Samstæðan starfar á sviði skaðatrygginga, líftrygginga og fjármála. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi samstæðunnar á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning hennar fyrir árið 2016.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins www.vis.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com

Árshlutareikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundi þann 24. ágúst 2017.

## 3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

## 4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð samandregins árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- fjáreignir sjá skýringu nr. 10
- vátryggingaskuld sjá skýringu nr. 13

## 5. Starfsþáttagreining

Samstæðunni er skipt í þrjá rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2017 var eftirfarandi:

| | Skaðatrygginga-rekstur | Líftrygginga-rekstur | Fjármála-rekstur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 9.386.590 | 573.718 | 0 | 9.960.308 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | (242.652) | (100.949) | 0 | (343.600) |
| Fjárfestingatekjur | 489.415 | 16.881 | 646.045 | 1.152.340 |
| Aðrar tekjur | 81.801 | 0 | 0 | 81.801 |
| Heildartekjur | 9.715.155 | 489.651 | 646.045 | 10.850.849 |
| Tjón tímabilsins | (6.390.819) | (226.846) | 0 | (6.617.665) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum | (528.761) | 65.638 | 0 | (463.123) |
| Breyting á áhættuálagi | (14.184) | (1.301) | 0 | (15.485) |
| Rekstrarkostnaður | (1.887.904) | (184.450) | (297.261) | (2.369.614) |
| Vaxtagjöld | 0 | 0 | (94.927) | (94.927) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | 0 | 0 | (17.424) | (17.424) |
| Rekstrarafkoma starfsþáttar | 893.486 | 142.693 | 236.433 | 1.272.612 |
| Tekjuskattur | | | | (165.207) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 1.107.405 |

## 5. Starfsþáttagreining (frh.)

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 51 milljónir króna og í fjármálarekstri 1 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 63 milljónir króna. Gengismunur af vátryggingaskuld í skaðatryggingum er færður með iðgjöldum og tjónum. Á tímabilinu varð gengishagnaður vegna vátryggingaskuldarinnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2016 var eftirfarandi:

| | Skaðatrygginga-rekstur | Líftrygginga-rekstur | Fjármála-rekstur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 8.233.843 | 533.339 | 0 | 8.767.182 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | (232.922) | (91.709) | 0 | (324.631) |
| Fjárfestingatekjur | 598.426 | 15.766 | 21.572 | 635.763 |
| Aðrar tekjur | 83.570 | 0 | 0 | 83.570 |
| Heildartekjur | 8.682.917 | 457.395 | 21.572 | 9.161.884 |
| Tjón tímabilsins | (7.183.485) | (187.118) | 0 | (7.370.603) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónum | 373.658 | 63.834 | 0 | 437.492 |
| Breyting á áhættuálagi | (3.839) | (954) | 0 | (4.794) |
| Rekstrarkostnaður | (1.773.580) | (155.747) | (261.672) | (2.190.999) |
| Vaxtagjöld | 0 | 0 | (85.239) | (85.239) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | 0 | 0 | (2.204) | (2.204) |
| Rekstrarafkoma starfsþáttar | 95.671 | 177.410 | (327.543) | (54.462) |
| Tekjuskattur | | | | 292.315 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 237.853 |

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 35 milljónir króna og í fjármálarekstri 1 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 41 milljón króna. Gengismunur af vátryggingaskuld í skaðatryggingum er færður með iðgjöldum og tjónum. Á tímabilinu varð gengishagnaður vegna vátryggingaskuldarinnar.

## 6. Eigin iðgjöld

| | 6M 2017 | 6M 2016 |
|---|---|---|
| Bókfærð iðgjöld | 13.531.498 | 11.598.454 |
| Hluti endurtryggjenda | (571.983) | (551.645) |
| Breyting á iðgjaldaskuld | (3.571.189) | (2.831.272) |
| Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld | 228.383 | 227.014 |
| Eigin iðgjöld | 9.616.709 | 8.442.551 |

## 7. Fjárfestingatekjur

| | 6M 2017 | 6M 2016 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 17.869 | 30.201 |
| Vaxtatekjur af fjáreignum haldið til gjalddaga | 100.834 | 116.021 |
| Aðrar vaxtatekjur | 186.587 | 174.825 |
| Fjármunatekjur | 305.290 | 321.047 |
| Gangvirðisbreytingar hlutabréfa | 360.018 | 296.215 |
| Gangvirðisbreytingar annarra fjáreigna | 482.543 | 302.780 |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | 842.561 | 598.996 |

Með gangvirðisbreytingu fjáreigna er talinn 193 ( 6M 2016: 134) milljóna króna arður af hlutabréfaeign.

# Skýringar

## 8. Eigin tjón

| | 6M 2017 | 6M 2016 |
|---|---|---|
| Bókfærð tjón | 7.891.121 | 6.729.513 |
| Hluti endurtryggjenda | (806.597) | (98.562) |
| Breyting á tjónaskuld | (1.273.456) | 641.090 |
| Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld | 1.269.721 | (338.930) |
| Eigin tjón | 7.080.788 | 6.933.111 |

## 9. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn.

**Virkt skatthlutfall:**

| | 1. janúar - 30. júní 2017 | | 1. janúar - 30. júní 2016 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 1.272.613 | | (54.462) | |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli | 254.523 | 20,0% | (10.892) | 20,0% |
| Ófrádráttarbær kostnaður | 3 | 0,0% | 3 | 0,0% |
| Fenginn arður | (38.640) | -3,0% | 28.162 | -51,7% |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | (27.610) | -2,2% | (87.405) | 160,5% |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | (35.069) | -2,8% | 0 | 0,0% |
| Sérstakur fjársýsluskattur | 12.000 | 0,9% | 0 | 0,0% |
| Bakfærð niðurfærsla skatteignar * | 0 | 0,0% | (222.183) | 408,0% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | 165.207 | 13,0% | (292.315) | 536,7% |

* Skatteign vegna lúkningar á slitum á þrotabúi.

## 10. Fjárfestingaverðbréf

| **Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur greinast þannig:** | 30.6.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| **Eignarhlutar í öðrum félögum** | | |
| Skráð í innlendri kauphöll | 8.074.289 | 7.996.255 |
| Skráð í erlendum kauphöllum | 118 | 119 |
| Önnur félög | 3.415.855 | 3.091.245 |
| | 11.490.262 | 11.087.619 |
| **Önnur verðbréf** | | |
| Ríkistryggð, verðtryggð | 406.918 | 2.903.069 |
| Ríkistryggð, óverðtryggð | 2.385.899 | 1.465.295 |
| Önnur skuldabréf | 7.781.895 | 9.194.104 |
| Skuldabréfasjóðir | 1.818.226 | 1.829.796 |
| Fagfjárfestasjóðir | 2.101.957 | 2.189.952 |
| | 14.494.894 | 17.582.216 |
| Fjáreignir á gangvirði samtals | 25.985.156 | 28.669.835 |
| **Fjáreignir haldið til gjalddaga** | | |
| Skráð ríkistryggð verðbréf * | 4.335.416 | 4.357.527 |
| **Skuldabréf og aðrar langtímakröfur greinast þannig:** | | |
| Lán með veði í fastafjármunum | 1.125.693 | 41.461 |
| Lán með veði í verðbréfum | 275.127 | 0 |
| | 1.400.820 | 41.461 |
| **Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum** | | |
| Kvika banki hf | 2.054.421 | 0 |
| Fjárfestingaverðbréf | 33.775.812 | 33.068.822 |
| * Áætlað gangvirði fjáreigna haldið til gjalddaga | 4.572.133 | 4.365.621 |

# Skýringar

## 11. Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjáreignir, færðar á gangvirði, flokkaðar eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í þrjú stig sem endurspegla mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Stigin eru eftirfarandi:

**Stig 1:** Gangvirðið byggir á skráðum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir.

**Stig 2:** Gangvirðismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum). Í stigi 2 eru færðar fjáreignir þar sem ekki er virkur markaður. Matið á eignunum ákvarðast af nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða kauptilboðum frá ótengdum aðilum. Einnig er stuðst við gangvirði annarra sambærilegra fjáreigna.

**Stig 3:** Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraraðilum fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar fjáreignir.

**Samstæða**

| 30. júní 2017 | **Stig 1** | **Stig 2** | **Stig 3** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Fjáreignir á gangvirði | 19.674.807 | 333.240 | 5.977.108 | 25.985.155 |
| Fjáreignir haldið til gjalddaga á gangvirði | 4.572.133 | 0 | 0 | 4.572.133 |
| Fjáreignir samtals | 24.246.940 | 333.240 | 5.977.108 | 30.557.288 |

**Samstæða**

| 31. desember 2016 | **Stig 1** | **Stig 2** | **Stig 3** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Fjáreignir á gangvirði | 22.836.979 | 342.312 | 5.490.544 | 28.669.835 |
| Fjáreignir haldið til gjalddaga á gangvirði | 1.752.326 | 2.613.295 | 0 | 4.365.621 |
| Fjáreignir samtals | 24.589.305 | 2.955.607 | 5.490.544 | 33.035.456 |

**Breytingar sem falla undir stig 3 á tímabilinu eru eftirfarandi:**

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 5.490.544 | 5.740.556 |
| Keypt | 1.125.987 | 607.401 |
| Selt/afborganir | (936.509) | (801.021) |
| Vextir, matsbreyting | 297.087 | 435.086 |
| Staða 30.6. | 5.977.108 | 5.982.023 |

## 12. Víkjandi skuldabréf

Í lok febrúar 2016 gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 milljónir króna. Skuldabréfin tilheyra eiginfjárþætti 2 og teljast til gjaldþols félagsins. Þau bera fasta 5,25% verðtryggða vexti og eru til 30 ára með uppgreiðsluheimild og þrepahækkun á vöxtum upp í 6,25% 10 árum eftir útgáfu.

## 13. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld er ákvörðuð sem besta mat samkvæmt ákvæðum Solvency II löggjafarinnar.

| | 30.6.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| **Vátryggingaskuld (heild):** | | |
| Vegna tilkynntra tjóna | 13.497.416 | 15.026.585 |
| Vegna ótilkynntra tjóna | 2.527.102 | 2.335.688 |
| Tjónaskuld samtals | 16.024.518 | 17.362.273 |
| Iðgjaldaskuld | 9.926.064 | 6.354.875 |
| Áhættuálag | 1.234.408 | 1.218.923 |
| Vátryggingaskuld samtals | 27.184.990 | 24.936.072 |
| | | |
| **Hlutdeild endurtryggjenda:** | | |
| Vegna tilkynntra tjóna | 484.523 | 1.745.545 |
| Vegna ótilkynntra tjóna | 10.090 | 18.789 |
| Tjónaskuld | 494.613 | 1.764.334 |
| Iðgjaldaskuld | 337.061 | 108.690 |
| Hlutdeild endurtryggjenda samtals | 831.674 | 1.873.024 |
| | | |
| **Vátryggingaskuld í eigin hlut:** | | |
| Vegna tilkynntra tjóna | 13.012.893 | 13.281.040 |
| Vegna ótilkynntra tjóna | 2.517.012 | 2.316.899 |
| Tjónaskuld | 15.529.905 | 15.597.939 |
| Iðgjaldaskuld | 9.589.003 | 6.246.185 |
| Áhættuálag | 1.234.408 | 1.218.923 |
| Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals | 26.353.316 | 23.063.047 |

Tjónaskuld er reiknað besta mat félagsins samkvæmt Solvency II löggjöfinni á fjárhæð óuppgerðra tjónsatburða á uppgjörsdegi sem hafa verið tilkynntir félaginu og einnig vegna tjónsatburða sem hafa átt sér stað á uppgjörsdegi en ekki verið tilkynntir félaginu eða tilkynntir með ófullnægjandi hætti. Iðgjaldaskuld er mat á skuldbindingum vegna þess tímabils sem eftir er af gerðum vátryggingasamningum á uppgjörsdegi.

# Skýringar

## 14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félög í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Tengdir aðilar eru stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

| | 1.1.-30.6.2017 | | 30.6.2017 | |
|---|---|---|---|---|
| | Tekjur | Gjöld | Eignir | Skuldir |
| Tengd félög | 0 | 1.546 | 0 | 0 |
| Stjórn og lykilstarfsmenn | 4.136 | 13.727 | 13.334 | 3.132 |
| | 4.136 | 15.273 | 13.334 | 3.132 |

| | 1.1.-30.6.2016 | | 31.12.2016 | |
|---|---|---|---|---|
| | Tekjur | Gjöld | Eignir | Skuldir |
| Tengd félög | 1.467 | 2.189 | 0 | 0 |
| Stjórn og lykilstarfsmenn | 2.914 | 120 | 10.758 | 1.508 |
| | 4.381 | 2.309 | 10.758 | 1.508 |

## 15. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á árshlutareikningnum.

## 16. Lykilhlutföll

| | 6M 2017 | 6M 2016 |
|---|---|---|
| Tjónahlutfall | 66,4% | 84,1% |
| Eigið tjónahlutfall | 73,6% | 82,1% |
| Rekstrarkostnaðarhlutfall | 20,8% | 22,0% |
| Endurtrygginga kostnaðarhlutfall | 8,1% | -1,3% |
| Samsett hlutfall | 95,4% | 104,8% |
| Gjaldþolshlutfall samstæðu | 1,61 | 1,83 |

## 17. Ársfjórðungayfirlit

| | 2F 2017 | 1F 2017 | 4F 2016 | 3F 2016 | 2F 2016 |
|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld tímabilsins | 5.140.689 | 4.819.620 | 4.763.779 | 4.788.072 | 4.460.170 |
| Eigin iðgjöld | 4.969.194 | 4.647.515 | 4.583.247 | 4.621.464 | 4.300.340 |
| Fjárfestingatekjur | 475.438 | 676.903 | 958.760 | 402.567 | 200.288 |
| Aðrar tekjur | 37.612 | 44.188 | 49.518 | 37.537 | 43.740 |
| Heildartekjur | 5.482.244 | 5.368.606 | 5.591.526 | 5.061.567 | 4.544.367 |
| Tjón tímabilsins | (3.105.033) | (3.512.632) | (3.697.145) | (3.798.077) | (3.957.321) |
| Eigin tjón | (3.063.658) | (4.017.130) | (3.599.061) | (3.512.595) | (3.548.525) |
| Breyting á áhættuálagi | (7.769) | (7.716) | 31.352 | (1.720) | (1.717) |
| Rekstrarkostnaður | (1.247.812) | (1.121.802) | (1.146.499) | (1.137.267) | (1.101.971) |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld | (65.225) | (47.126) | (37.927) | (19.186) | (50.840) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatta | 1.097.781 | 174.830 | 839.390 | 390.800 | (158.686) |
| Tekjuskattar | (180.925) | 15.718 | 28.344 | (36.974) | 251.438 |
| Heildarhagnaður (tap) tímabilsins | 916.856 | 190.549 | 867.734 | 353.826 | 92.753 |
| | | | | | |
| Tjónahlutfall | 60,4% | 72,9% | 77,6% | 79,3% | 88,7% |
| Eigið tjónahlutfall | 61,7% | 86,4% | 78,5% | 76,0% | 82,5% |
| Rekstrarkostnaðarhlutfall | 21,3% | 20,3% | 21,1% | 20,4% | 22,0% |
| Endurtryggingakostnaðarhlutfall | 2,5% | 14,0% | 1,7% | -2,5% | -5,6% |
| Samsett hlutfall | 84,2% | 107,2% | 100,4% | 97,2% | 105,1% |